

Skipulagsfulltrúi Ölfuss  
Gunnlaugur Jónasson  
Hafnarberg 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 4. maí 2023  
UST202304-215/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing – Deiliskipulag á reitum ÍB10 og ÍB11, vestan við Básahraun og Eyjahraun í Þorlákshöfn**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 21. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að á reitum ÍB10 og ÍB11, vestan við Básahraun og Eyjahraun í Þorlákshöfn

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagsreits er fyrirhugað að rísi íbúðarbyggð með blandaðri húsagerði einbýlishúsa, par-, rað-, og lítilla fjölbýlishúsa.

Umhverfisstofnun bendir á að lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er nr. 111/2021.

#### **Þróun þéttbýlis**

Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á að skoða þann valmöguleika að þetta núverandi byggð, byggja upp vannýtt og þegar röskuð svæði og huga að endurhönnun á svæðum innan núverandi þéttbýlis, en í kafla 3.2. í landsskipulagsstefnu 2015 - 2016 segir um sjálfbært skipulag þéttbýlis: „Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags.“

#### **Hraun**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð tillögunnar að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að unnin sé valkostagreining á framtíðaruppbyggingu þéttbýlis með tilliti til verndun hraunmynda

### **Kortlagning hraunmyndana**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er að hluta til sandorpið og því mikilvægt að leitast verður við að vernda hraunmyndanir og svæðið skipulagt þannig að þær hraunmyndanir sem eru á skipulagssvæðinu, lendi t.d. innan opinna svæða. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að hraunmyndanir séu kortlagðar, jafnvel í samráði við Náttúrufræðisstofnun Íslands.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að hægt er að hanna íbúðarsvæði á þann hátt að jarðminjar kortlagðar og götur, lóðir, göngustígar, leiksvæði og byggingreitir séu staðsettir með tilliti til minjanna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Ríkey Kjartansdóttir

***sérfræðingur***